

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

299. tbl - 7. árg.

12. apríl 2007



SPARISJÓÐUR
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Djúpsprengja sett á land í Rifi

Skipstjóri togbátsins Hamars SH 224 frá Rifi hafði samband við Vaktstöð siglinga að kvöldi s.l. mánudags. Hann hafði fengið torkennilegan hlut í veiðarfærin og sett á land í höfninni á Rifi. Hann var ekki viss um að þetta væri sprengja en taldi réttast að fá samband við sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar.

Eftir að skipstjórinn hafði lýst hlutnum fyrir sprengjusérfræðingunum grunaði þá strax að um sprengju væri að ræða. Þeir höfðu þegar sam-



band við lögregluna í Snæfellsbæ sem fór á staðinn, tók myndir og sendi Landhelgis-

gæslunni. Myndirnar sýndu að þetta var djúpsprengja. Lögreglan ákvað að vakta

höfnina þannig að enginn kæmi nálægt sprengjunni þar til sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar kæmu á staðinn. Þeir komu til Rifs aðfaranótt þriðjudags. Við rannsókn á sprengjunni kom í ljós að hún var full af sprengiefni en kveikibúnaðinn vantaði á hana. Sprengjan var flutt á afvikinn stað þar sem sprengjusérfræðingarnir eyddu henni.

Sigurður Ásgrímsson sprengjusérfræðingur tók meðfylgjandi mynd.

Er kyndikostnaðurinn hárr?

-Kyndirðu með rafmagni?	-í heimahús
-Kynntu þér varmadælurnar	-í geymslur
-Þær lækka kyndikostnaðinn	-í utihús
	-í sumarhús

 **Ís-húsið 566 6000**

Nýtt á sölu



Ólafsvík
Brautarholt 11 er til sölu. Húsið sem er byggt úr steypu 1956 er á tveimur hæðum. Efri hæðin er 105 fm og skiptist í forstofu, eldhús, gott hol, þrjú herbergi, stofu og baðherbergi. Á forstofu eru flisar sem og baðherbergið sem er flíslagtt í hólf og gólf og er með hita í gólf.
Á eldhúsi, holi, stofu og herbergjum er nýtt eikarparket. Á neðri hæðinni sem er 48,9 fm er gott flíslagtt hol og þvottahús og parketlagt herbergi. Útgangur er af neðri hæðinni. Allir gluggar á efri hæðinni eru nýlegir með K-gleri og gluggar á neðri hæðinni eru í góðu lagi. Þakið er með nýlegu járn. Á loftinni er 27 fm bílskúr. Húsið lítur vel út utan sem innan.

Óskað er eftir tilboðum

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingfólfur G. Gissurarson, lögblitur fasteignasala,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

NEED A WEBSITE?

Webmaster, 3D solutions & hosting services.

alejandrosuarez@internet.is

Sími: 6922736

Ólafsvík

TIL SÖLU



Keflavíkurgata 8, Hellissandi er til sölu.
Húsið er 4. herbergja og 114 fm.

Tilboð óskast. - Uppl. í síma 899 1180


LIONS SUNDMÓT



Sundmót Lionsklubbanna í Ólafsvík
verður haldið Sumardaginn fyrsta,
fimmtudaginn 19. apríl kl. 12
í sundlauginni í Ólafsvík.

Öllum krökkum í Snæfellsbæ er heimil þátttaka og er skráning í sundlauginni eða hjá Fadel fyrir kl. 20 þriðjudaginn 17. apríl.

Úrslitaleikur í blaki í Snæfellsbæ

Úrslitaleikur í 2. flokki karla á milli HK og KA sem átti að vera um síðustu mánadarmót hefur verið frestað til 21. apríl og verður haldinn í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar. Þá helgi verður yngri-flokkamót í blaki haldið í Snæfellsbæ og verður það eitt stærsta yngri-flokkamót í blaki sem haldið hefur. Úrslitaleikurinn í 2. flokki verður í lok dagskrár laugardaginn 21. apríl en þess ber að

geta að um hreinan úrslitaleik er að ræða í þessum aldursflokki. Staðan í deildinni er þannig að KA hefur unnið 8 hrinur og tapað 7. HK hefur unnið 7 hrinur og tapað 8 en liðin hafa skorað jafn mörg stig, 313 og fengið á sig jafnmörg stig 313.

Búist er við spennuleik eins og allir hinir hafa verið hingað til og því full ástæða fyrir bæjarbúa að fjölmenna í íþróttahúsið þessa helgi.


Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu að Norðurtanga 1

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613



AÐALFUNDUR

Slysavarnadeildin Sumargjöf
heldur aðalfund
þriðjudaginn 24. apríl 2007
kl. 20:00 í Mettubúð.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagskonur hvattar til að mæta.

Stjórnin

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Sumarblað

Næstu daga verður tekið á móti efni og auglýsingum í sumarblað Jökuls sem kemur út á síðasta vetrardag, 18. apríl.

Upplagt tækifæri
til að senda bæjarbúum sumarkveðju.

Athygli er vakin á því að efni og auglýsingar þurfa að hafa borist á mánudag 16. apríl vegna þess að blaðið kemur út á miðvikudag 18. apríl.



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Hlýðninámskeið fyrir hunda

Hlýðninámskeið verður haldið í reiðskemmuni að Bergi við Grundarfjörð 16. - 22. apríl ef næg þátttaka fæst.

Farið verður í almenna hlýðni fyrir hvolpa og byrjendur og einnig verður framhaldsnámskeið fyrir lengra komna.

Námskeiðið kostar 15.000 krónur.



Upplýsingar og skráning í síma
862 8671 Auður Björnsdóttir hundabjálfi
Bryndís Kristjánsdóttir 867 5527



Ólafsvíkurkirkja

Síðasti
sunnudagaskóli

vetrarins verður haldinn nk.
LAUGARDAG kl. 11.00.

Messa

Messa við upphaf héraðsfundar Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmis verður haldin í Ólafsvíkurkirkju nk.
sunnudag kl. 11.00.

Sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup
Skálholtsstiftis prédikar en sóknarprestur þjónar fyrir altari.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

Ingjaldshólskirkja

SUNNUDAGINN

15. apríl kl. 11:00

SUNNUDAGASKÓLI

Leikir, söngur, glens og gaman ...

Komum saman í kirkjunni
til lofgjörðar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur.



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA
Afsláttur á Bland í poka á laugardögum

Getraunir

Staðan í hópleiknum er þannig að í fyrsta sæti með 94 stig er „Kristmundur“, í öðru er „Skjaldartröð“ með 92, jafnir í þriðja sæti eru „Vinir Togga“ og „Tvær úr Tungunum“ með 90 stig, „Hobbitinn“ er í 4. sæti með 89 stig og í fimmta sæti er „Pawel“ með 88 stig. Fleiri lið eru með og keppnin

mjög spennandi en til að vita meira er best að mæta á svæðið og taka þátt.

Opnunartími laugardag frá 10.30. til 13.00 á skrifstofu félagsins að Norður-tanga 1. Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.
Stjáni Tótu.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?


Logar viðvörðunarljós í mælaborði?

Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir öll umboð og allar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ

Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is



FJÖLBRAUTASKÓLI
SNÆFELLINGA

Kannt þú skyndihjálp?

Dagana 18.-21. apríl verður haldið
skyndihjálparnámskeið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Námskeiðið er opið fyrir almenning og nemendur skólans. Kennt verður utan venjulegs kennslutíma og námskeiðið gefur eina einingu í framhaldsskólanámi.

Námskeiðið kostar kr. 4.000 fyrir þá
sem eru ekki nemendur skólans.

Skráning er á skrifstofu skólans í síma 430-8400
í síðasta lagi 18. apríl.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórnarfundur mánudaginn

166. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar
verður haldinn í Félagsheimilinu Röst
mánudaginn 16. apríl 2007, kl. 16:00
og er öllum opin.

Dagskrá og fundarboð má finna
á heimasíðu Snæfellsbæjar.

Bæjarstjóri



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is



KÆLIVER ehf

S:530-3100

Málþing um málefni innflytjenda á Vesturlandi

17.apríl 2007

Þann 17.apríl næstkomandi verður haldið málþing um málefni innflytjenda á Vesturlandi.

Málþingið verður haldið í Snæfellsbæ í félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík, og mun hefjast kl. 13:00, en húsið opnar kl. 12:30 með léttum veitingum.

Varpað verður fram spurningunni: Hvernig hafa sveitarfélög, atvinnurekendur og íbúar á Vesturlandi tekið á móti innflytjendum?

Markmiðið með málþinginu er m.a. að varpa ljósi á eftirfarandi spurningar:

- Höfum við tekið vel á móti innflytjendum hér á Vesturlandi?
- Hvaða upplýsingar eru í boði fyrir innflytjendur? Hvaða upplýsingar vantar?
- Hver er stefna stjórnvalda varðandi innflytjendur?
- Hver er upplifun innflytjenda þegar þeir flytja til Vesturlands?
- Hver eru kjara- og atvinnuréttindi innflytjenda?

Fjölmargir áhugaverðir fyrirlesarar.

Nánari dagskrá verður birt á vefsíðunni ssv.is

Skráning fer fram á netfangið kristin@ssv.is
eða á skrifstofu SSV í síma 437 1318.



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.



Verzlunin Kassinn ehf.

Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@tblinverzlun.is

